

ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að **137**
forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðs- **21. oktbr.**
ins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu
um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar
gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umrædds
sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lán Holtspresta- 138
kalls handa Ásólfskálakirkju. Samkvæmt beiðni prestsins að Holti undir Eyja- **31. oktbr.**
fjöllum, Kjartans prófasts Einarssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar,
herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. þ. m., vil jeg hjer með veita sam-
þykki mitt til þess, að við þær eptirstöðvar af láni Holtsprestakalls í Rangár-
vallaprófastsdæmi úr viðlagasjóði eptir skuldabryjfi 20. oktbr. 1892 (uppruna-
lega 2900 kr.), sem eptir verða, þá er frá er dregin 1300 kr. eptirgjöf samkvæm-
lögum nr. 18 frá 6. nóvbr. f. á., 2. gr., að upphæð kr. 1285 86, megi bæta 14
kr. 14 a., svo að skuldarupphæðin verði kr. 1300.00, og að þessi upphæð veitist
Holtsprestakalli úr landsjóði, sem nýtt lán, er ávaxtist og endurborgist með 6%
árlega á 28 árum af tekjum prestakallsins, að því leyti sem tekjur Ásólfskála-
kirkju, sem lánsins hefir notið, hrökkva eigi til að greiða vexti og afborgun.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar
leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi, um bygging kirkju í landi 139
Staðarhóls í stað Tjaldaness. Með skirskotun til brjefs míns, dagsetts 10. marz **31. oktbr.**
1896 (Stj.tíð. 1896, B, bls. 34) um að kirkjurnar að Hvoli og Staðarhóli mættu
leggjast niður, en í þeirra stað byggjast ein kirkja að Tjaldanesi fyrir báðar
sóknirnar, Hvolssókn og Staðarhólssókn, vil jeg hjer með að fengnu samþykki
hlutadeigandi hjeradsfundar eptir ósk safnaðanna og samkvæmt tillögum yðar,
háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 21. þ. m., veita leyfi mitt
til þess að hin fyrirhugaða nýja kirkja verði byggð á Skollhól í Staðarhólslandi
í staðinn fyrir á Tjaldanesi.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leið-
beiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lántökuleyfi handa 140
Suðurdalapingaprestakalli. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, **4. nóvbr.**
herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 9. septbr. þ. á., vil jeg hjer með veita